01

# Viljinn.

2 Blað.

Veturinn 1921-22.

Ritstj: Stefán Vagnsson.

# Á Kili.

## — Reynistaðarbræður —

-1780-

Á Kili er napurt að kúra um nótt,
í kulda og skammdegis-byljum.
Og ættgöfgu sveinunum síst var þar rótt
að sitja und fannanna þiljum.

Bylurinn æddi og íshrönnunum sló
um allt, sem að gisti þá fjöllin.
Hugprúðum frændum það hrellingu bjó
— í hellunum glottu þá tröllin. —

Forynjur voru á kreiki um Kjöl;
í kófinu dansandi æddu.
Trúðu á Óðinn, og áttu þar dvöl,
sem almættið, skuggarnir hæddu.

Hollvættir bræðranna hröklust um
að hjálpa, það vildu þeir reyna. Kjöl

4.

En dauðinn tók sjer við fjaldskarið dvöl
og helfdi um líf þeirra sveina.

— " — " — " — " —

Töpuð var hjörtin og töpuð var leið
og tapaður jarðneskur auður.
Bjarni með Einari þar örlaga beið.
— en Austmaður — horfinn og dauður.

Jeg sje hvar hann Einar með sóttkalda brá
þar örmagna í fjaldinu dvelur.
Í svefnmóknum deyjandi segir hann frá
því, er sálu hans fitar og kvelur:

Nú eru fjöllin af fitsælu snauð
jeg finn dauðans nístandi hramma.
En heima er ylur og heima er brauð
og heima er pabbi og mamma.

Heimþráin kallar nú hraða jeg mjer
og hitta skal gleðinnar vegi.
Bitur er hríðin — en bráðum jeg fer
þar bjarmar af sólu og degi.

5.

Nú opnast mjer himnanna skínandi skraut
þar skelfir ei byljanna ólur
þar fæ jeg nú vængi að fljúga á braut,
— en frændi! því ertu svo hljóður? —

Sælt mun að líta í ljósanna geym
og ljúft þar að kyssa hana ömmu.
Svo flýg jeg á vængjunum fagnandi heim
og faðma þar pabba og mömmu.

— " — " — " — " —

Dauft var í fjalli að telast und fönn
og finna þar nálykt af bróður.
Ógnaði Bjarna sú örlagahrönn
hann andvarpar fölur og hljóður:

Hvað er nú orðið af æsku og þrótt
og öllu sem fyr var til gleði?
Nú ligg jeg á fjöllunum fenntur um nótt
og frýs hjer á dáinna beði.

Hjer virtist alt vera hamingju snautt
— og hörkarl í orðum svo merkur?

Nei, það er nú heimska sem þýði ei neitt,
— og þegiðu Holtsmúla klerkur. —

En hvernig var breytnin og hvað hef jeg gert
og hví voru prestar svo reiðir?
Nú setast þó heiftugu hrakspárnar
En hvað er það nú, er mig seiðir. bert

Jeg finn það og skil, það er föðursins hönd,
sem leitar og huggar og styður
Svo legst jeg nú útaf hann leysir mín bönd.
til ljósanna veginn mjer ryður.

Bj. H. H.

# Brot

## I.

## Gamla konan. —

„Oft er það gott, sem gamlir kveða,"
segir máltækið. Það hef jeg reynt.
Nú ætla jeg að segja ykkur ~~einu sinni~~
frá því, að jeg stóð einu sinni við rúm



gamallar konu, sem hafði þjáðst mjög
af ellilasleika. Þá heyrði jeg margt
lærdómsríkt, sem mörgum gæti að liði
komið, ef hann athugaði það rjetti-
lega. — Jeg er búinn að gleyma mörgu
og verður því að virða mjer til vorkunar
þó frásögnina vanti fyllingu. —
Gamla konan sagði mjer brot af-
sögu sinnar. Kendi þar margs. —
Fátæktin hafði verið hennar fylgikona
og ástvinurnar. — Atgjörfi var hún búin
og metnaðarþrá bar hún í brjósti.
Hún kafnaði í önnum og striti
æfinnar, en atgjörvin veitti henni
þrek, og lyfti upp frá lágum hvötum
Gamla konan sá, þar sem hún
lá, aflvana í rúmi sínu, að margt
hefði mátt betur fara í lífi hennar. —
„En það fór nú svona" sagði hún.
Þó margt bljesi á móti, geymdi þó
gamla konan það sem henni

var helgast: trúna og fórnfýsina
Ástina sagðist hún snemma hafa
þekt, og hún hefði lifað hjá sjer
líka, en aðeins fyrir fórnfýsina.
Með tárin í augunum sagði gamla
konan, „Jeg veit hvað það er að elska og
missa." — Hún lýsti fórnfýsinni
þannig: „Að vera fórnfús og fljót
til að fyrirgefa er kostur hvers manns
Það sagði presturinn minn, þegar
hann fermdi mig. En þú vilt
nú ef til vill, eins og fleiri yngri
menn, ekki setja klerkinn og hans
kenningu í hásætið. En hvað um það
settu þessi orð á þig, og brjóttu þau
til mergjar, þá finnur þú, að í þeim
felst heill heimur auðnu og yndis.
Fórnfýsin er innifalin í því, að fara
sjálfur á mis við gæði lífsins, en
eftirláta þau þeim sem maður
ann, eða vill eingöngu alt hið



besta. Það er yndælt að unna og
þurfa að leggja alt í sölurnar fyrir
ástina. Það eru þá oft göfugar hugsanir
sem fórnfýsin blæs þjer í brjóst. Hún
krefst aðgjörða, en ekki launa. Mundu
það ungi maður, ef fórnarviljinn þinn
þroskast ekki með ástinni, er hún
ekki sönn. — Það er yndælt að fyrir-
gefa. Jeg býst nú við að þjer líki ekki
þessi kenning mín. Þú munt
heldur vilja heyra: Auga fyrir auga
tönn fyrir tönn. Það fanst mjer
líka rjettlæti á mínum yngri árum, en
jeg er nú búin að læra það í skóla
lífsins að annað er sælla til. —
Það munt þú líka læra þó seinna
verði, og minstu þá þessara orða
minna, og dæmdu gildi þeirra."
Þetta var sannfæring gömlu konunnar
Þetta hafði hún reynt og gat því
talað svo. Hún vissi hvers virði það er.

Að geta umborið þá sem manni
eru kærastir, þó breytni þeirra
verði ekki altaf að óskum og
endurgjöldin smá. Gamla konan
sagði ennfremur: „Þú öskumatur
sem stendur hjer við rúm mitt
sjáðu samanburð okkar. Þú með
eldhita æskunnar og alt hennar
kveikju- og eyðsluefni, en jeg ligg
hjer útbrunnin að mestu aðeins
blaktandi skar. Þjer finst e. t. v. að
ekki sje mikið mark takandi á orðum
mínum. En þú sjerð lífsreynslu
mína í hrukkunum á andliti mínu
og sjerð að jeg er upp úr því vaxin að
árum og reynslu, að tala þvert
um hug minn, enda hefir mjer
aldrei látið vel að semja og skáld er
jeg ekki. Trúðu því að ástin er ekki
sönn sje hún ekki fórnfús. Það var
ástin mín; þessvegna var jeg ekki



mannhatari. Ástin og fórnfýsin
eyddu öllum mínum kröftum
og nú ligg jeg hjer, aðeins hismi-
En svo fara allir og ekki síður, þó
ekki sjeu þeir fórnfúsir.— Svona
fara þær með mann, en samt eru
þær ómissandi. Þær hugðnæmu stundir
er þær veita, margborga það sem
eyðist.— Að jeg er ekki komin
undir græna torfu af eintómu
þrekleysi er trúnni að þakka,
jeg vil ekki segja að henni.—
Það er enginn ofgóður að lifa hjer.
Trúin hefir altaf verið sú svalalind
sem ekki hefir þrotið, en slökt
þorsta mínum eftir rjettlætinu og
gerir það enn.—
Reyndu að finna þessa lind. Finndu
hana í dyggðum þínum, svalaðu
þjer á mildi hennar, þegar þig
þyrstir. Gleymdu ekki fórnfýsinni

hún er yndæl." —
Svona hljóðaði frásögn gömlu konunnar. Mjer þótti hún minnisstæð, þessvegna er jeg nú að rifja hana upp, ef einhver skyldi vilja heyra hana, með mjer og geyma hana sem minningu um gömlu konuna. Mjer finst hún vera nokkurskonar bautasteinn á leið hennar. —

Bj. H. H.

## Stríðsfregnir

— Kveðið í upphafi ófriðarins —
(Hrynhenda)

Reyna fer á röskva sveina.
Rymja brandar á Þýskalandi.
Belgir dreyra ótu elginn.
Austan Rússar sækja að Prússum



Frakkar vestan vaða rakkir
vopnast slyngir Englendingar.
Nú er harki og heldur slarkað
heimurinn berst af ilsku mestri.

Austurríkis ítar hraustir
eiga stríð við Serba lýði;
með þeim sækja sjaldan smeykir
Svartfellingar vopnaþingið.
Tyrkir ennþá engann kyrkja,
en ætla frískir að veita Þýskum.
Þegar þeir ganga á vopnavegu
verður slagur á Balkanskaga.

Á sjónum berjast líkir ljónum
löngum drunar í fallbyssunum.
Þakið er hafið heljardrekum
hamast rektar á tundurnekkjum
Herða böl, og bæði myrða
börn og konur. Á loftskipunum
sveima löngum loftið um geyma
líkt og hrafn yfir nýju tafni.

S. V.

# Nokkur orð um forðabúr

Frá því að þetta land byggðist,
hefir landbúnaðurinn verið sá atvinnu-
vegur, sem allur fjöldi þjóðarinnar
hefir lifað á og starfað að. Ekki væri
því nein goðgá að ímynda sjer að, land-
búnaðurinn nú ætti að vera tryggari
og arðmeiri atv. vegur enn í fornöld.
Eftir þúsund ára reynslu ættu menn
nú að vera búnir að læra hvaða sker
það eru, sem búskapnum er hættast
við að stranda á, og eins hitt, hvaða
framkvæmdir það eru, sem mestan
og fljótastan arð gefa í aðra hönd
ef til þeirra er stofnað af skynsemi
og fyrirhyggju.
Ekki verður því neitað, að stórkostl.
framfarir hafa orðið á búnaði á seinni
helmingi síðustu aldar og þeim
árum sem liðin eru af þessari - og



nægir þar að benda á, umbætur á
híbýlum manna, áveitur, túna-
sljettur, girðingar, kynbætur bú-
fjárins, o. s. frv. Þetta miðar allt
til farsældar á þessum atvinnuvegi
og sjálfsagt verður því haldið áfram
með ennþá betri árangri hjer eftir
þegar menn fá ennbetri þekking
og reynslu á þessum sviðum, - og það
sem mest er um vert - áhugann
fyrir framkvæmdunum þegar þeir
sjá hvað þær gefa í aðra hönd.
Þá kemur líka að því, að menn sjá hvað
það er, sem búskapnum hefir oftast
orðið að fótakefli, sem er fóðurskorturinn
því verði hann landlægur hjá okkur
lengi hjer eftir, þá geta engar fram-
farir að nokkru ráði átt samleið
með búskapnum, nema aðeins hjá
einstaka manni. En þegar hver
skepnueigandi hefir nógan forða fyrir

búpening sinn þá er hún rjetti grundvöllur fundinn undir hagsæld landbúnaðarins. Þá er það sannmæli að „bú sje landstólpi." Fyr er það ekki.

Það er þetta sem verður gert að umtalsefni í greinarkorni því, sem fer hjer á eftir. Þó verður það meira gert til að vekja eftirtekt manna á málinu og fá þá til að skrifa um það hjer, ekki síður þá sem fóðurbirgðahugmyndinni er móthverfir þeim er jafnheimilt rúm hjer sem hinum.

---

Það er ekki langt síðan að sumir af mætustu mönnum þessarar þjóðar fóru að benda á hvílíkur voði búskapnum stæði af illum ásetningi. Þeir voru allir sammála hvað það snerti; að meðan ekki væri ráðin bót á því væri búskapurinn nokkurskonar



fjárhættuspil, sem ylti einungis á árferðinu, hvort hann væri tap eða gróði. En þegar þeir fóru að rita og ræða um, hvaða ráð væru heppilegust til að koma í veg fyrir fóðurskort, þá skyldu leiðir þeirra. Sumir álitu að til þess þyrfti bara einföld lög; og af þeim toga eru fóðurgæslulögin spunnin. Það hefir sýnt sig í reyndinni að fóðurgæslulögin hafa gert mjög lítið gagn. Þeim hefir verið illa hlýtt þarsem þeim hefir verið beitt, og víðast hvar hafa þau ekki einu sinni verið reynd. Alt situr því við sama og áður var. En jafnframt hefir önnur hugmynd rutt sjer til rúms nú á síðustu árum, og það er: ~~fóðurbirgðahug~~ og að koma upp fóðurbirgðum í hverri sveit á landinu, svo altaf væri hægt að grípa til þeirra ef útaf bæri.

Það lang ítarlegasta sem komið hefir
fram viðvíkjandi forðabúrunum eru:
„Lög um fóðurbirgðafjelög" og eru
gefin út af „Búnaðarfjelagi Íslands"
og send heim í hvern hrepp á landinu
til samþyktar. Hjer voru þau tekin
fyrir á haustrhreppaskilum, en náðu
þá ekki samþykt; jeg held meir
fyrir vanþekkingu á lögunum og
stífni, heldur enn að menn fyndu
ekki að hjer væri þarflegt mál á
ferðinni. Það sem menn settu mest
fyrir sig var kostnaður sá sem hlytist
af þessari breytingu. Lögin gera ráð
fyrir að hver skepnu fjáreigandi hann leggi
ákveðna upphæð á hverju ári í tryggingar
sjóð. Þessi upphæð er nú ekki hærri
en svo, að nema mun einu lambsverði
hjá meðalbónda; og þegar hann á
að fá það greitt aftur með 5% vöxtum
ef hann flytur sig burt eða hættir að



eiga skepnur, ~~og svo~~ eða þá erfingjar
hans að honum látnum, þá virðist
þetta ekki vera neitt sjerleg grýla.
Það sem ynnist aftur með þessum
lögum er fyrst og fremst, að jeg
get ekki betur sjeð en að fóður-
skortur hyrfi alveg úr sögunni, - því
með lögunum yrði gerð gangskör
að því að setja vel á - og það er þó
sem lögunum er ætlað að vinna.
Annað sem jeg tel mikils virði er:
að umsjónarmaðurinn yrði svo oft
á ferð um sveitina. Fyrst og fremst
mundi hann gefa góð ráð með
hirðingu fjenaðarins, og svo mundi
síður verða kastað höndum að
hirðingunni ef menn ættu hann
sífelt yfir höfði sjer, með að finna að
ef útaf bæri. Það er líka stórmikils
virði að geta þá um leið haldið
skýrslu um afurði, og kostnað við

skepnurnar, þó ekki sjeu nefndar
nema fóður- og mjólkurskýrslur
fyrir kýrnar. En með lögunum
er gert ráð fyrir að umsjónarmaður-
inn leiðbeini við samning á þeim.
Sumum virðist máske sem að þessar
skýrslur sjeu ekki mikils virði og
hagt sje að komast af án þeirra.
En mjer virðist aftur á móti sem
að þær sjeu mjög mikils virði
og gagnlegar fyrir hvern búanda.
Skýrslurnar segja afdráttarlaust
frá því hver tegund búfjenaðarins
gefur mestan arð, og hver minstan
o.s.frv. Það getur orðið lærdómsríkt
þegar það er borið saman í heilli
sveit, og svo aftur í mörgum
sveitum. Menn hafa nú ekki hug-
mynd um hve miklu ein kýrin
í fjósinu er betri en önnur.
Þessi borgar máske mikið í verðinu



sínu yfir árið, en hin er aftur versti
ómagi.
Þó að mjer finnist þetta langbesta
leiðin til að komast hjá fóðurskorti
þá er ekki þarmeð sagt, að ekki
sjeu til fleiri leiðir. T.d. að setja
á stofn heyforðabúr. Jeg hef hugsað
mjer að þau væru þrjú í hreppnum,
eitt í hverri sókn. En hvernig á
að koma þeim á fót í byrjuninni?
Því nokkuð margir hestar yrðu
að vera á hverjum stað, ~~til~~ ef eitt-
hvað ætti um það að muna þegar
í nauðir rekur. Það mætti byrja
með því að hver fjáreigandi gæfi
í því skyni 1-2-3 hesta af heyi
Engan munaði neitt um það og
það yrði einungis einusinni, sem
þeir yrðu krafðir um slíkt. Best væri
að alt heyið komi þannig gefins,
en það sem til vantaði væri –

auðvelt að fá með því að taka
engjablett á leigu og fá kaupa
fólk til að afla heysins, og þeim
yrði goldin sín vinna af hreppnum
og í þriðja lagi, að hreppurinn
keypti beinlínis það hey sem ekki
fengist með hjálsum samskotum.
Heyið yrði síðan lánað út að vetrinum
móti því loforði að hver og einn borgaði
í heyi aftur næsta sumar. Á þann
hátt hjeldist heyforðabúrið altaf við, þegar
einusinni væri búið að koma því
á fót. Einhver einn hefði svo um-
sjón með útlátunum að vetrinum
og tæki svo einnig á móti heyinu
að sumrinu og yrði þá mestur
kostnaðurinn við þetta fyrirkomulag
einhver þóknun til þess manns.
Þessi leið er líka athugunarverð
og máske mönnum þykki það að-
gengilegra. Aðalatriðið er að bæta úr þessu
á einhvern hátt.



Eg er í engum vafa, að nú sje kominn
tími til að hefjast handa í þessu
máli. Og betur að fyr hefði verið.
Ásetningur hjá mönnum er síst betri
nú en verið hefir, enda enginn forða-
gæslumaður skipaður; Það heyrir
maður á tali bænda yfirleitt hvað
þeir eru hræddir um heyleysi ef
tíðin spillist um vorið fram. Því
miður mun sá ótti, ekki vera að
ástæðulausu. Fyrsti maður sem lagði
stund á kirkjfjárrækt hjer á landi var
Hrafna-Flóki. „Hann gáði ei að afla
heyjanna og því fjell alt kvikfje
hans um veturinn.“ Þannig hefir
fóðurskorturinn og fyrirhyggjuleysið,
fylgt kvikfjárræktinni fram á
vora daga. Skyldi ekki vera
kominn tími til að þeir draugar
sjeu kveðnir niður?

Stefán Vagnsson.

# Skemtisamkoma

hreppsnefndarinnar.

II. Framhald.

Samkomudagurinn rann upp, ekki heiður og fagur eins og stendur í sögunum, heldur koldimmur og úrsvalur skammdegismorgun. Og er leið að hádegi tók að rigna, ekki í dropatali heldur „eins og skvett væri úr fötu,“ var það lítið minna, enn í vor á samsætinu og er þá langt til jafnað. Sumir settust um kyrt og kváðust aldrei skyldu fara út í slíkt hunda veður. Aðrir, þeir sem ætluðu endilega, sögðu að ei væri slíkt setjandi fyrir sig. Regnið gerði ekki nema gott, þeir þyrftu þá ekki að fá vatn hjá Sigurjóni, eða neitt



til hans að sækja — þar sem þeir kæmu nýskúraðir á „ballið“ og þyrftu ekki annað en að draga handklæðið upp úr töskunni og þurka framan úr sjer, þá væri allri hreingerningu lokið. En er á daginn leið tók veðrið að skána. Stytti nú upp rigningunni og jafn snemma tók fólk að streyma að Ökrum, úr öllum áttum og eftir hverri einustu götu sem þangað liggur, gangandi og ríðandi. Það fólk sem kom vestanyfir „Vötnin“ og ekki var ríðandi, varð að fara Jónar látnir ferja. Var það erfitt verk og stórhættulegt, því rokhvast var á vestan. En þeir höfðu það loforð frá hreppsn. að stórlega skyldu lækkuð á þeim útsvörin í framtíðinni, eða þeim gjört jafnvel slept með öllu við skatta og

skyldur s.d. ef þeir drukknuðu af báti af „prammaskelinni“. Þegar heim að Ökrum kom var öllum vísað til gamla þinghússins. Þar dró fólk af sjer vosklæði og skóplögg. Er það nú ekki orðið veglegra en það, að nú má það samt kallast „fótaskinn“ hins nýja hússins. Það sem flestum varð einna mest starsýnt á af innanhússmunum þar, var tunna ein vel mikil. Stóð hún í öðrum enda hússins og hjekk ausa á barminum. Þangað sóttu allir vatn sem vildu þvo sjer. Þegar jeg sá troðninginn í kringum tunnuna datt mjer í hug saga sem jeg hef lesið fyrir löngu í Einreiðinni og heitir „Þingkosningar“. Hún fer fram í Winnipeg og segir frá kosningaúrslitum miklu.



Höfðu frambjóðendur leigt stóra veitingasali þar í borginni. Stóðu brennivínstunnurnar opnar þar á miðju gólfi og mátti þar hver staupa sig, er vildi. Skorti þá ekki hávaða og skálaglaum kringum tunnuna. Hjer var öðru til að dreyfa. Sigur jón mun hvort sem er ekki „agitera“ fyrir sjer við næstu hreppnefndarkosningu, enda var blátt lækjarvatn í tunnunni og þvoðu menn sjer að utan en ekki að innan úr því. Hafði hann borið þetta inn um daginn og ef einhver bað um vatn, benti hann á tunnuna og skyldu þá allir. Gekk þetta nálega hljóðlaust.

Í auglýsingunni um stúnkomuna stóð að hún yrði sett kl. 6. Það munaði bara því að hún var 9½ er sú

ath. fn fór fram, og er það ekki
meira enn vanalegt Blönduhlíðar-
seinlæti. En það sem hafði mest
var fyrst og fremst þrøttur inn
í gamla þinghúsinu, og svo
var engum manni hleypt inn
í nýja húsið, nema hann
borgaði aftaldor 2 krónur í pen.
út í hönd. Stóð Magnús hreppstj.
í dyrunum og hafði annan
Magnús sjer til aðstoðar. Mátti
samt segja að þar væri engin
„miskun hjá Magnúsi" hvorum
þeirra sem var, því allir urðu
að koma með það „contant" og
aftalit, ella var honum hrundið
út í hin ystu myrkur — í
þinghússganginum. Setta
þeir nafnar lagð í hvern og
einn. Gátu þeir þá sjeð í
einu vetfangi hvort hann



var af þeirra sauðahúsi eður
eigi; nefnilega hafði borgað. Tók
nú fólk það, sem komið var inn
í salinn, að ókyrrast, því það
hafði ekkert sjer til gamans
annað, en að horfa á hvert
annað og hlusta á gargið í
„glymskratta" Steingríms.
En eftir litla stund slitnaði
fjöðrin í honum, og var þá þeim
gleðinni lokið. Tók nú fólk að
ókyrrast, enda var salurinn nær
því fullur orðinn, og ~~þ~~ norður-
og suðurbyggðir alsetnar. Sá Gísli
oddv. að nú var eigi til setu
boðið, með að fara að setja samkomuna.
Fór hann fyrst nokkrum orðum
um þörfina fyrir því að geta keypt
ýmislegt til hússins. Ekki hvort
hann mundi ~~halda~~ tala lengi erindi
en upp hefði hann pílot dálitinn

þóst, sem annar maður mundi
lesa upp, því hann sjálfur
sæi ekki rjett vel við ljós (enda
hörngrýtis Saltvíkurstýra þarna uppi)
Gekk nú einn Magnúsinn enn
fram, og hóf að lesa erindið hátt
og snjallt. Hafði það að fyrirsögn
„Jeg fer hvergi." Var það ~~hin~~
hin besta hugvekja, og sýndi
höfundur fram á það, að farsælast
mundi vera fyrir einhleypan mann
að vera í vinnumensku, því
þó kaupið sýndist í fljótu bragði
minna, þá væri það þó langt-
um drýgra í skiptunum, og
vinnumenn yfirleitt efnaðri
og betri menn enn lausingjar, enda
sýndist mjer þeir lausamenn, sem
þarna voru staddir (og þeir voru
margir) líta ó-gæskuríku horn-
auga til Gísla, og gæti jeg



trúað að sá yrði ekki ofsæll af að
innheimta hjá þeim útsvörin í
ár. Voru þeir óværir að sjá undir lestrinum.
Þær fáu vinnumannakindur,
sem þarna voru litu aftur á móti
hróðugir til hinna, eins og þeir
vildu segja: „Þarna fenguð þið
einusinni í skeiðarnefinu bölvaðir".
Annars fundu allir að þetta var
alvörumál hið mesta, og það mun
höf. hafa fundist líka, því
hann kvaðst mundu setja
rúsínu í pylsuendann. Var
hún í tvennu lagi, og er þetta
fyrri parturinn: „Börn mín, elskið
hvert annað." Þetta þótti öllum
fallega sagt. En síðari partur-
inn var þannig: „Börn mín,
eignist hvert annað." Kvað þá
við hár hlátur í mannþrönginni.
Var það Grímur í Hvammi

Tók hann orðin eins og þau
voru töluð, og fór nú að líta í
kringum sig hvað væri nú
eiginlega „til staðins" af kven-
fólki. En svo bætti hóf- því við
„að ef hann hefði verið prestur,
mundi hann ~~hiklaust~~ hafa
„lýst" hiklaust og óbeðið með hverj[um]
þeim persónum sem hann áliti
að bæri ætti saman, innan síns
prestakalls, og gift jafnharðan,
ef ekki hefði því harðar verið mótmælt."
Sló nú í fyrstu þögn á fjöldann
yfir þessum tíðindum. En síðar
heyrði jeg marga af hinum ógiftu
fara að tala um það sín á milli
að ekki væri það að sra Lárusi
fundið, að hann væri ekki liðlegur
til allra prestsverka. En hvað var
það á móti slíku frjálslyndi. Voru
sumir svo æstir að þeir vildu láta



Gísla segja af sjer oddvitastörfunum
hið allra bráðasta og fara að læra til
prests þó gamall ~~væri~~ sje orðinn
og mynda um hann fríkirkju-
söfnuð, ef sra Lárus færi ekki þá með
gát; og kváðu hann mundi
geta orðið prestastjett lands vors
til hinnar mestu sæmdar og
fyrirmyndar. Ætlaði að verða hinn
mesti hávaði og rifrildi útaf þessu
og var Grímur lang æstastur
en í sama bili fór Guðvarður að
leggja á þeirri þrjefölldu og yfir-
gnæfði hún langsamlega allt
giftingarstaglið. Var nú tekið til
að dansa og gengið að því með
slíku kappi að karlar og konur
urðu fljótt í einu svitabaði og
lagði gufumökkinn uppundir
loftið, og var það engu minna en
uppúr hlóðareldinum að Sum[illegible] þegar

heyrði í henni er næstum komið að
bruna. Tók nú maskínan frá
Jóhannesi að reykja ákaflega
enda var hún rauðkynt undir
kaffikötlunum, einsog vjel á
herskipi, sem er að flýja undan
sprengikúlum óvinanna og
hugsar um það eitt að komast áfram
Leit ekki út fyrir annað um tíma
en að allir þeir sem voru á norður
og suðurbygðum yrðu kaffi í
reyk og þótti sumum hart að borga
til þess tvær krónur. En í þessum
svifum voru opnaðir gluggar og
varð þannig [illegible] hjá mann
~~[illegible]~~ Ekki var Magnús alveg viss
um að allir hefðu borgað. Grunaði
hann sjerstaklega að einhver
hefði skotist framhjá honum
uppá norðurbygðir. Kom hann því
þangað sjálfur og handtók 2.



Skipaði hann þeim út með sama,
eða borga. En þeir luku báðir upp
einum munni og sögðu: „Jeg
fer hvergi;“ og borguðu orðalaust og
aftalið og við það fór Magnús.
Var nú tekið til kaffidrykkju í
hjáverkum, því hver maður átti
heimting á kaffi. Þurfti að við-
hafa hina mestu aðgæslu, að hver
fengi það sem honum bar með
rjettu, en enginn þó ofmikið
Bar Gísli oddviti á borð og undraði
mig oft á þeirri elju og ástundun
er hann sýndi við þetta tækifæri.
Var því líkast sem hann hefði ei
annað starfað um dagana, enn
að hafa matseld með höndum.
Fóru menn að stinga saman nefjum
um það að hann ætti að vera
„Hofmester“ á Gullfoss eða Goðafoss,
hinum nýja. Mundi þá kost láta

eins „Snaps" fylgja hverjum
kaffibolla. En það þótti helst
vanta á gleðina þarna, að
ekkert var í staupinu. Var slíkt
hér mest nýlunda á samk.
Magnús hreppsj. tók við öllum
peningum sem inn komu.
Vindla tók hann til að selja, en
leið á nóttina og flugu þeir út
um leið, og urðu ófáanlegir eftir
litlum tíma. Kom hann þá með
„sigarettur" og seldi með ránverði
en hvaða vörur sem hann kom
með, flugu þær út jafnharðan
því ekki skorti eftirspurn. Voru allir
hans vasar útroðnir af seðlum
og komst þó skramban mikið
í þá.
Var nú hlje á dansinum um
stund, því Gísli á Þrastastöðum
flutti erindi, um mentun og



hugsjónir. Var það gott og skörulegt flutt. Þá sagði sra Tryggvi
að honum hefði orðið sá ljótur á,
að gleyma kvennfólkinu í þessu
sambandi og hefði fáir trúað
því af Gísla. Hófst nú dans að
nýju, en eftir stundarkorn, byrjaði
Bjarni Halldórsson að lesa upp
frumsamið kvæði, og birtist það
hjer í blaðinu. Má líklega fara
að segja um hann það sama,
er Níels skáldi sagði um nafna
hans amtmann: „Hann er
skáld mannskrattinn." Næst
söng sra Tryggvi tvö lög. Var
annað lagið við erindi er Sigurjón
á Grund hafði gert; en ekki
veit jeg um hvað það var, því
jeg heyrði ei orða skil; og ekki
veit jeg heldur hvort það var vel
ort, nema hvað jeg þykist vita að svo
hafi verið.

Að því lokum flutti Eiríkur í Vallholti ræðu um „Drenglyndi" og var þess sízt vanþörf nú á dögum; Var það skörulegt að vanda. —

Á samkomu þessari voru nær 150 manns og skemtu sjer allir hið besta að því er virtist. Eitt þótti mjer einkennilegt við þennan hóp. Það var; hvað margar af stúlkum voru á upphlut. Og öðru tók jeg líka eftir. Það mátti heita heiðarleg undantekning, ef piltur bauð stúlku upp væri hún ekki á þessum einkennisbúningi. Hinar sem ekki voru í þessum veislu-klæðum máttu flestar sitja, sitja, sitja og horfa á.

Ungu stúlkur! Ef þið hugsið ykkur til að fara á „ball" í vetur eða næsta vetur þá látið ekki undir höfuð leggjast að fá ykkur upphlut, — Þið sem það eigið eftir. —



Sparið hvern eyrir, sem þið getið, neitið ykkur um ilmvötn, hárnálar „Modklöð", sigarettur, ástarrómana, vefnaðarnámskeið, og „verkstæðisvist", en leggið alt í upphlutinn Það berið þið margfalt úr býtum. Þá þurfið þið aldrei að „sitja hjá" (sem er það voðalegasta fyrir unga stúlku) þegar stallsystur ykkar eru á fljúgandi ferð um dansgólfið þá berast „herrarnir" uppi hendurnar á ykkur svo þið þurfið ekki annað en að ganga á valið og dansa eins við þann, sem ykkar hjarta girnist, svífa með honum í hringiðu salsins, áhyggjulaus um alt milli himins og jarðar — nema að tapa ekki sporinu — fá svo „hýrlegt auga og máske koss við tækifæri þegar lítið ber á; Ja og ef gæfan er ~~[illegible]~~ ykkur hliðholl ~~máske~~ þá náið þið máske í piltinn

sjálfan, sem svo ypti á sínum
tíma, ástríkur eiginmaður og dygg-
förunautur á lífsleiðinni.

Heiðruðu hreppsnefndarmenn!
Hafið þið bestu þakkir fyrir þessa
samkomu. Með henni hafið þið
slegið tvær flugur í einu höggi.
Þið hafið „krusað" saman 200 kr.
heyri jeg sagt í þetta skiftið, þess
mun húsið bera menjar í framtíðinni
en þið hafið líka „glatt með glöðum"
heila nótt í þinghúsinu og sú ánægju
stund mun vara lengur en meðan
við stöðum þar við.

Eitt orð að skilnaði. Við ættum að
fagna vetrinum í hvert skipti
er hann kemur með því, að halda samkomu á
Ökrum, ~~sem~~ þarsem allur ágóð-
renni til þess að prýða og bæta húsið
— Og verið þið svo í eilífri náðinni

Stefán Vagnsson